

REGLUGERÐ RÁÐSINS (EB) nr. 1627/98**frá 20. júlí 1998****um breytingu á reglugerð (EBE) nr. 822/87 um sameiginlega skipulagningu vínmarkaðarins(*)**

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 43. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar ⁽¹⁾,með hliðsjón af álitum Evrópuþingsins ⁽²⁾,með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndarinnar ⁽³⁾,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Bannað er að gróðursetja nýjan vínvið til 31. ágúst 1998. Með tilliti til stöðu vínmarkaðarins er rétt að framlengja þetta bann til 31. ágúst 2000 á meðan beðið er ákvarðana ráðsins um umbætur í atvinnugreininni. Annars vegar þurfa aðildarríkin eitt markaðsár til viðbótar til að koma ákvæðinu, sem var samþykkt 1996, til framkvæmda en í því er veitt leyfi til nýrrar gróðursetningar á svæðum sem eru ætluð undir framleiðslu tiltekinna vína. Hins vegar er rétt að veita aðildarríkjunum aftur leyfi, í tvö markaðsár til viðbótar, til að heimila nýja gróðursetningu en innan vel skilgreindra marka og með skilyrðum sem koma í veg fyrir framleiðsluaukningu á víni sem ekki er hægt að tryggja fullnægjandi sölu á.

Veita ætti tímabundna undanþágu að því er varðar blöndun víns á Spáni svo að tekið sé tillit til þeirra sérstöku skilyrða sem ríkja við framleiðslu borðvíns í því aðildarríki.

Leyfa ætti tilteknum aðildarríkjum tímabundið að hafa heildarinnihald síru í borðvíninum lægra svo að tekið sé tillit til þróunar á þessu sviði.

Á meðan beðið er ákvarðana ráðsins um umbætur í atvinnugreininni og í því skyni að koma í veg fyrir lagalegt rof er rétt að framlengja gildistíma ákvæða, sem um getur í 39. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 ⁽⁴⁾, um eitt vínár.

Í 4. mgr. 46. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að áttak til að ýta undir neyslu þrúgusafa megi aðeins standa til vínársins 1997/98. Rétt er að framlengja það um eitt vínár svo meta megi árangur þess.

Í 5. mgr. 65. gr. reglugerðar (EBE) nr. 822/87 er kveðið á um að á vínárinu 1997/98 skuli framkvæmdastjórnin leggja skýrslur fyrir ráðið um hámarksinnihald brennisteinsdíoxíðs í víni og tillögur þar að lútandi. Það er afar brýnt fyrir þessa atvinnugrein að gerðar verði tillögur um vandamálið varðandi brennisteinsdíoxíð þar sem tekið er mið af starfi Alþjóðavínskrifstofunnar (IWO). Því er rétt að framlengja frestinn um eitt vínár.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:*I. gr.*

Eftirfarandi breytingar eru hér með gerðar á reglugerð (EBE) nr. 822/87:

1. í 1. mgr. 6. gr.:

- í fyrstu undirgrein komi „31. ágúst 2000“ í stað „31. ágúst 1998“,
- í þriðju undirgrein bætist „og/eða 1998/99“ við á eftir „1997/98“,
- eftirfarandi undirgreinar bætist við á eftir þriðju undirgrein:

„Einnig mega aðildarríkin heimila nýja gróðursetningu á vínárunum 1998/99 og 1999/2000.

Þessar heimildir mega ekki fara yfir eftirfarandi mörk í hverju aðildarríki á þessum tveimur árum samanlögðum:

| | |
|------------|----------|
| Þýskaland | 289 ha |
| Grikkland | 208 ha |
| Spánn | 3 615 ha |
| Frakkland | 2 584 ha |
| Ítalía | 2 442 ha |
| Lúxemborg | 4 ha |
| Austurríki | 139 ha |
| Portúgal | 719 ha. |

Þessar heimildir má ekki veita:

- vegna víns á tilgreindum svæðum hafi á þremur síðustu vínárum verið inntar af hendi greiðslur, sem kveðið er á um í reglugerð (EBE) nr. 1442/88, fyrir að leggja vínræktarsvæði endanlega niður;

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtið. EB L 210, 28.7.1998, bls. 8, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 73/1999 frá 28. maí 1999 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

(1) Stjtið. EB C 87, 23. 3. 1998, bls. 13.

(2) Stjtið. EB C 210, 6. 7. 1998.

(3) Stjtið. EB C 214, 10. 7. 1998.

(4) Stjtið. EB L 84, 27. 3. 1987, bls. 1. Reglugerðinni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 2087/97 (OJ L 292, 25. 10. 1997, bls. 1).

- vegna vins á stjórnsýslusvæðum þar sem heildarmagn eimingar að eigin frumkvæði á þremur síðustu vínárum nam meira en 10% af heildarframleiðslu þeirra ára.

Aðildarríkin skulu, við úthlutun þessara heimilda, leggja fyrst og fremst áherslu á að með þeim séu uppfylltar kröfur sem eru gerðar á þeim tilgreindu svæðum þar sem gróðursetning hefur átt sér stað á þremur næstliðnum vínárum og að notaðar séu heimildir til endurgróðursetningar sem eru ekki lengur nýttar í öðrum framleiðsluheruðum.

Ef umbæturnar fela í sér heimildir til nýrrar gróðursetningar skal líta framhjá þeim heimildum til gróðursetningar sem getið er í fjórðu og fimmtu undirgrein.

Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni ákvæði, sem þau hafa samþykkt um veitingu heimilda, skrá yfir vín sem njóta góðs af þeim og samvarandi svæði.“;

2. í þriðju undirgrein 5. mgr. 16. gr. komi „milli 1. september 1998 og 31. ágúst 1999“ í stað „milli 1. september 1997 og 31. ágúst 1998“;
3. í 39. gr.:
 - í fyrstu og annarri undirgrein 10. mgr. Komi „1998/99“ í stað „1997/98“;

- í 11. mgr. komi „1998/99“ í stað „1997/98“;

4. í 4. mgr. 46. gr. komi „1998/99“ í stað „1997/98“;
5. í 5. mgr. 65. gr. komi „1. apríl 1999“ í stað „1. apríl 1998“ og „1. september 1999“ í stað „1. september 1998“;
6. komi eftirfarandi í stað 13. liðar þriðju undirgreinar I. viðauka:

„Fyrir vínárin 1997/98 og 1998/99 skal heildarinnihald síru í borðvíni, tilgreint sem vinsýra, sem er framleitt í Frakklandi, á Ítalíu, í Portúgal og spænskum hlutum vínræktarsvæða C, annars staðar en í Astúríu-heruðum, Baleareyjum, Kantabríu, Galísíu og heruðum Guipúzcoa og Vizcaya, og markaðssett til neyslu í Frakklandi, á Ítalíu, í Portúgal og á Spáni, eftir því sem við á, ekki vera minna en 3,5 grömm á hvern lítra.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Hún kemur til framkvæmda 1. september 1998.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júlí 1998.

Fyrir hönd ráðsins,

W. MOLTERER

forseti.